

## 8. bekkur enska

---

Kennarar: Patience Adjahoe

### Lýsing

Lögð er áhersla á að þjálfar færniþættina hlustun, lesskilning, ritun og talað mál (samskipti og frásögn). Kennslan fer að miklu leyti fram á ensku og eru nemendur hvattir til þess að tjá sig á ensku í kennslustundum. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 8.-10. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

### Markmið

„Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.124). Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

### Námsefni

Efni frá kennara, orðaforðaverkefni, valdir lestextar og verkefni úr Spotlight 8, kennslumyndbönd í enskri málfræði, kvikmyndir og frjálslestrarbækur. Hjálpargögn: [www.snara.is](http://www.snara.is), orðabækur og glósupakkar frá kennara. Náminu er skipt upp í námshluta sem miðast við hæfniviðmið aðalnámskrár. Námpættirnir/færniþættirnir eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlesi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni innan námshlutana frá 8. – 10. bekkjar. Í hverjum námshluta er þannig unnið með tiltekin viðfangsefni hæfniviðmiðana og vinna nemendur margvísleg verkefni sem þjálfar þá hæfni.

### Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, hlustunaræfingar, tjáskiptaaðferðir, leitaraðferðir, umræður, einstaklingsvinna, para- og hópavinna. Kennslan fer að mestu leyti fram á ensku.

### Námsmat

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla liggja til grundvallar námsmats á þeim fjölmörgu verkefnum sem nemendur skila til kennara. Mat birtist reglulega yfir veturinn á hæfnikorti hvers nemenda. Reynt er að hafa námsmat sem fjölbreyttast þar sem hægt er að koma til móts við þarfir allra nemenda. Kennari notar þannig leiðsagnarmat og leggur áherslu á sýnileika viðmiða um árangur. Nemendur fá samantektareinkunn í lok skólaárs á kvarðanum A, B+, B, C+, C og D.

### Enska við lok 1. stigs - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### Enska við lok 1. stigs - Lesskilningur

- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

### Enska við lok 1. stigs - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

### Enska við lok 1. stigs - Ritun

- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

### Enska við lok 1. stigs - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekkra staða.

### Enska við lok 1. stigs - Náms hæfni

- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.

### Enska við lok 3. stigs

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Enska við lok 3. stigs - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

### Enska við lok 3. stigs - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

### Enska við lok 3. stigs - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.

### Enska við lok 3. stigs - Frásögn

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

### Enska við lok 3. stigs - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

### Enska við lok 3. stigs - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.

### Enska við lok 3. stigs - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.